

Nd.

5. Frumvarp til útvarpslaga.

[5. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Réttur til útvarps.

1. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar opinbera dreifingu dagskrárefnis með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps manna sem tengdir eru nánnum vináttu- eða fjölskylduböndum eða eingöngu er um að ræða sendingu upplýsinga og boða innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum.

2. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði II. kafla laga þessara.

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi samkvæmt 3.—6. grein þessara laga og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

3. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og félögum, sem til þess eru stofnuð, tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- eða desimetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og síma-
málastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og síma-
málastofnunin gefur út leyfisbréf þar sem kveðið er á um tíðni og útgeislað afl stöðvar.
Aðrir tæknilegir eiginleikar sendistöðva skulu vera í samræmi við reglugerð sem Póst-
og símamálastofnunin setur og framfylgir.
2. Sveitarstjórnir á svæðum, þar sem stofna skal útvarpsstöð, mæli með veitingu leyfis.
3. Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsreksturs.
4. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og synjar þeim um að koma sjónarmiðun sínum á

- framfæri í dagskrá með hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá eins fljótt og við verður komið fella úrskurð um kæruefnið og er sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.
5. Útvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni sem ekki hefur verið aflað leyfis fyrir eða útsendingarréttar frá höfundarréttarhafa.
 6. Um eftirlit með dagskrárefni fer eftir gildandi lögum og reglum þar um. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.
 7. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er. Ef óskað er skal einnig láta í té dagskrá á böndum. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt V. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
 8. Óheimilt er að aðrir aðilar, en félag það sem leyfi hefur til útvarpsreksturs, kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi útvarpsstöðvar þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárlíði.
 9. Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar er leyfi fær þar sem nánar er kveðið á um félagsform, reglur, tímalengd samnings og upphæð leyfisgjalds. Þar skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð, svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni viðkomandi stöðvar.

4. gr.

Útvarpsstöðvar, er fengið hafa leyfi til þráðlausra útsendinga sbr. 3. grein, skulu hafa leyfi til að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.

Útvarpsréttarnefnd gefur út reglur um auglýsingar, m. a. með hliðsjón af lengd dagskrár viðkomandi stöðva og samanburði við hlut auglýsinga og reglur um flutning í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Útvarpsréttarnefnd ákveður auglýsingataxta með hliðsjón af tillögum viðkomandi útvarpsstöðva, svo og gildandi töxtum Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla á svæði þeirra. Rísi ágreiningur í þessu efni milli útvarpsréttarnefndar og Ríkisútvarpsins skal vísa honum til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Sé þráðlausum útsendingum svo hátt að einungis áskrifendur með sérstakan útbúnað ná þeim er slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá.

5. gr.

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirfarandi reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. grein:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að viðkomandi sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpi útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. töluliðar þessarar greinar en ekki öðrum skilyrðum 3. eða 5. greinar. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og síma-málastofnunar.
3. Útvarpsstöð, er leyfi fær til útsendingar um þráð, er óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá en getur innheimt afnotagjöld.
4. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 2., 4., 7., 8. og 9. tölulið 3. greinar sé móttaka bundin við 36 íbúðir eða færri. Sama gildir innan stofnunar (t. d. sjúkrahúsa, skóla eða gistihúsa) eða vinnustaðar.
5. Heimilt er að senda hvers konar upplýsingar um símakerfi landsins til almennrar móttöku.

6. gr.

Móttaka eða sending útlarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útlarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útlarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 3. og 5. greinar laga þessara eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

7. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 3.—6. greina. Útlarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útlarps séu reglur brotnar.

II. KAFLI

Ríkisútlarpið.

8. gr.

Ríkisútlarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

9. gr.

Ríkisútlarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða eina hljóðvarpsdagskrá, ekki styttri en 16 klst. á sólarhring, og eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútlarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess, samkvæmt ákvörðunum útlarpsstjóra og útlarpsráðs.

Ríkisútlarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útlarpsstjóra og útlarpsráðs.

Ríkisútlarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar.

Heimilt er Ríkisútlarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila sem fá leyfi til að stunda útlarpsstarfsemi, bæði til dagskrárgerðar og útsendinga.

Heimilt er Ríkisútlarpinu að stofna til fræðsluútlarps í samvinnu við fræðsluyfirvöld.

10. gr.

Ríkisútlarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum á þeim. Það skal halda uppi fréttáþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útlarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útlarpsins og almenningi má að gagni koma.

Ríkisútlarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

11. gr.

Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt hljóð- og myndritað dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar.

Ríkisútvarpinu er heimilt, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið.

12. gr.

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttáflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

13. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

14. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar.

Ráðið setur reglur, eins og þurfa þykir, til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 10. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð þegar samþykkt dagskrárefnis þygi sýnt að það reynist fjárhagslega ofviða.

Annað hvert ár efnir útvarpsráð til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins og býður til hennar fulltrúum helstu almennasamtaka.

15. gr.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild.

Fjármáladeild fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórn og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana verða lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna Ríkisútvarpsins, annar frá hljóðvarpi, hinn frá sjónvarpi, eiga sæti á tundum framkvæmdastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmenn Ríkisútvarps, aðrir en framkvæmdastjórnar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórnar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

III. KAFLI Fjármál Ríkisútvarpsins.

16. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau, og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Útvarpsstjóri ákveður útvarpsgjald að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeildar.

17. gr.

Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

18. gr.

Eigandi sjónvarpsviðtækis, sem nota má til móttöku á útsendingu Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki á hverju heimili.

19. gr.

Eigandi sjónvarpstækis, sbr. 18. gr., skal tilkynna viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins.

Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, skal nýr eigandi, svo og sá, sem af hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Hver sá, er fæst við sölu sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það innheimtudeild Ríkisútvarpsins mánaðarlega á sérstökum eyðublöðum sem innheimtudeild lætur í té. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang beggja aðila, svo og tegund viðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

20. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. skráningarnúmer sem auðkennir hvert tæki,
2. tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. dagsetningu frumskráningar,
4. fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda,
5. dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans,
6. dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda eins og segir í 4. tölulíð; einnig skal greina hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu,
7. upplýsingar um lögtak sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 23. gr., ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps.

21. gr.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi sjónvarpstæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur sjónvarpsviðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 19. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

22. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

23. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Pegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

24. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglan á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutadeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurði ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

IV. KAFLI

Dreifing og réttindi.

25. gr.

Ríkisútvarpið, útvarpsréttarnefnd og Póst- og símamálastofnunin skulu hafa náð samstarf til að tryggja að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Póst- og símamálastofnunina um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

26. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Póst- og símamálastofnunin um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufla lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrir-tækja, sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðva er leyfi hafa til útsendinga, sbr. 3. gr., er viðkomandi stöðvum

heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að fara talmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum eignum.

27. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru efni en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

V. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

28. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsí- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður úvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber útvarpsstöðin þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

29. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 28. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

30. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 27. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 27. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 19. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1984. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög, nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og nr. 49/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til útvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkvæmt ákvæðum 3. gr., má ekki veita til lengri tíma en þriggja ára.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt eins og útvarpslaganefnd gekk frá því, nema 18. gr. þess sem breytt er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið var flutt á síðasta þingi, 106. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er endurflutt nú óbreytt þó þannig að í 32. gr. er gert ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. nóvember 1984. Að öðru leyti kann frv. að taka breytingum í meðförum Alþingis.

Nefndin, sem samdi útvarpslagafrumvarpið, lét svofellda greinargerð fylgja frv.:

Skipun útvarpslaganefndar og störf.

Hinn 23. september 1981 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða útvarpslög nr. 19/1971. Í nefndinni áttu sæti:

Markús Á. Einarsson, veðurfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Andrés Björnsson, útvarpsstjóri.

Benedikt Gröndal, fyrrverandi forsætisráðherra.

Ellert B. Schram, ritstjóri.

Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri.

Ólafur R. Einarsson, menntaskólakennari.

Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður útvarpsráðs.

Margrét Lúðvíksdóttir, fulltrúi hjá Ríkisútvarpinu, starfaði sem ritari nefndarinnar til vors 1982, en þá lét hún af störfum vegna flutnings af landi brott. Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, tók síðan við ritarastörfum til starfsloka.

Útvarpslaganefnd átti góð samskipti við póst- og símamálastjóra og var hjá honum leitað umsagnar um atriði, er snerta stofnun hans og samskipti hennar við Ríkisútvarpið.

Prófessor Gaukur Jörundsson gaf nefndinni umsögn um nokkur atriði nógildandi útvarpslaga svo og nokkrar af tillögum nefndarinnar.

Hörður Vilhjálmsson fjármálastjóri vann að gerð kaflans um fjármál Ríkisútvarpsins.

Stefán Jón Hafstein fréttamaður skrifaði snemma á starfstímanum greinargerð að beiðni útvarpslaganefndar.

Fylkir Þórisson, tæknifræðingur hjá sjónvarpinu, ritaði um stöðu og hugsanlega framvindu í hljóðvarps- og sjónvarpstækni (fylgiskjal III) og Markús Á. Einarsson, formaður nefndarinnar, ritaði lauslegt yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum (fylgiskjal IV).

Útvarpslaganefnd hélt sinn fyrsta fund 9. október 1981 og lauk störfum 1. október 1982. Urðu fundir nefndarinnar samtals 29. Tillaga sú að trumvarpi til nýrra útvarpslaga, sem hér birtist ásamt greinargerðum og fylgiskjólum, er árangur af störfum útvarpslaganefndar.

Meginstefnumörkun við gerð tillögu að frumvarpi.

Útvarpslaganefnd var skipuð til þess að endurskoða útvarpslög nr. 19/1971. Leit nefndin svo á að henni bæri að fjalla um málefni útvarps hérlendis frá sem víðustu sjónarhorni. Varð hún fljótlega sammála um að taka mið af þrem meginforsendum í starfi sínu að gerð frumvarps til nýrra útvarpslaga:

1. Að leggja áfram þær skyldur Ríkisútvarpinu á herðar að sjá landsmönnum öllum fyrir fjölbreyttri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps og tryggja aðstöðu og tekjur til þess að svo geti orðið.
2. Að leggja til að fleirum en Ríkisútvarpinu verði veittur réttur til útvarps (hljóðvarps og sjónvarps) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
3. Að ein útvarpslög fjalli um allan útvarpsrekstur í landinu.

Helstu breytingar frá gildandi útvarpslögum.

Núgildandi útvarpslög nr. 19/1971 fjalla eingöngu um Ríkisútvarpið, enda segir svo í upphafi 2. gr.: „Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi.“ Hér á eftir verða dregnar saman í stuttu máli þær meginbreytingar sem útvarpslaganefnd leggur til að gerðar verði frá gildandi lögum, en ítarleg grein er gerð fyrir einstökum atriðum í næsta kafla, þar sem eru skýringar við einstakar greinar.

Það er **grundvallarbreyting**, að í frumvarpi þessu er lagt til að fleirum en Ríkisútvarpinu verði veitt leyfi til útvarps, en með **útvarpi** er í frumvarpinu átt við hljóðvarp og sjónvarp. Fjallar **I. kafli** ítarlega um það, með hvaða skilyrðum slík leyfi verði veitt. Er lagt til að **útvarpsréttarnefnd**, er skipuð verði 7 mönnum kjörnum af Alþingi, sjái um leyfisveitingar og alla framkvæmd þessa I. kafla.

Í 3. gr. frumvarpsins er lýst þeim almennu skilyrðum sem uppfylla þarf til að fá leyfi til útvarps, en slík leyfi má veita sveitarfélögum og félögum sem beinlínis eru stofnuð til útvarpsreksturs. Af mikilvægum atriðum má nefna:

Kveðið er á um að einungis verði veitt leyfi til útvarps á metra- og desimetrabylgju, en það þýðir að sendingar ná yfir takmörkuð svæði, sem í aðalatriðum afmarkast af landfræðilegum aðstæðum. Póst- og símamálastofnuninni er ætlað að sjá um úthlutun á senditíðnum og að tæknilegum skilyrðum sé fullnægt.

Ætlast er til að sveitarstjórnir mæli með veitingu leyfa til útvarpsendinga, hver á sínu svæði.

Erlendir aðilar fá ekki leyfi til útvarpsreksturs.

Óheimilt er að senda út efni sem ekki hefur verið aflað leyfis eða útsendingarréttar fyrir, auk þess sem fara ber að gildandi lögum um eftirlit með dagskrárefni.

Oft er útvarp um þráð bundið við móttöku mjög fárra, t. d. innan einnar og sömu byggingar. Þykir þá ekki ástæða til að setja um það öll þau almennu skilyrði sem 3. gr. fjallar um. Er lagt til að um útvarp um þráð með móttöku í 36 íbúðum eða færri, eða innan stofnunar (t. d. sjúkrahúsa, skóla eða gistihúsa) eða vinnustaðar, gildi einfaldari skilyrði en um stærri stöðvar.

Lagt er til í 4. gr. að útvarpsstöðvar (hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar), sem leyfi fá til þráðlausra útsendinga, geti aflað sér tekna með auglýsingum, og verði hlutur auglýsinga í dagskrá slíkra stöðva svipaður og hjá Ríkisútvarpinu. Er þetta í raun gert til að auðvelda stöðvunum að vanda til dagskrárefnis.

Stöðvar, sem senda um þráð, þ. e. kapalstöðvar, fá ekki leyfi til að birta auglýsingar. Þykir ekki ástæða til að stöðvar, sem innheimt geta afnotagjöld með auðveldum hætti, gangi á hlut þráðlausra útvarpsstöðva á auglýsingamarkaðinum.

Í lok I. kafla, þ. e. í 6. gr., eru tekin upp almenn ákvæði, er tryggi að sendingar um

gervihnetti fari að alþjóðasamþykktum sem Póst- og símamálastofnunin er aðili að, enda þótt enn sé að ýmsu leyti erfitt að ráða í tilhögun slíkra sendinga til frambúðar.

Í II. kafla er fjallað um Ríkisútvarpið. Þar eru í upphafi hlutverki þess gerð skil með ákveðnari hætti en gert er í núgildandi lögum. Einnig er veitt heimild til að auka starfsemina, verði í framtíðinni veitt til þess nauðsynlegt fjármagn. Kæmi þar til greina dagskrá 2, landshluta- eða héraðsútvarp, auk þess sem vakin er sérstök athygli á fræðsluútvarpi.

Bent skal á, að Ríkisútvarpið skal samkvæmt 9. gr. senda út eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Sumarleyfi sjónvarps, sem orsakað hefur lokun þess í júlímánuði, fellur þá niður, enda liggja þegar fyrir tillögur stofnunarinnar um að svo verði framvegis. Ekki er talið að orðalag greinarinnar komi í veg fyrir fimmtudagslokun sjónvarps um sinn, enda þótt loka-markmiðið sé, að sjónvarpað sé alla daga.

Ríkisútvarpinu er nú heimilað, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa til útlána eða sölu dagskráefni sem flutt hefur verið. Engu skal um það spáð hvernig gengur að ná slíkum samningum, en heimildin er í samræmi við þingsályktun um íslenskt efni á myndsnældum, sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982 (fylgiskjal I).

Loks má nefna að hlutverki útvarpsráðs er breytt í þá átt, að ráðið móti fyrst og fremst dagskrárstefnuna í höfuðdráttum, en þurfi ekki að leggja blessun sína yfir einstaka dagskrárliði áður en þeir komi til framkvæmda.

Fjármál Ríkisútvarpsins.

Í III. kafla er fjallað um fjármál Ríkisútvarpsins. Er þar sú meginbreyting gerð, að afnotagjald, sem hér er nefnt **útvarpsgjald**, verði innheimt með sjónvarpsviðtæki sem stofn gjaldtöku. Lagt er til að útvarpsstjóri ákveði gjaldið hverju sinni að höfðu samráði við mennta- .nálaráðuneytið, en ákvörðun afnotagjalda hefur hingað til verið í höndum ráðherra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Oft hefur verið um það rætt, hvort ekki mætti leggja niður innheimtudeild Ríkisútvarpsins í sparnaðarskyni. Hér er hins vegar lagt til að innheimtudeildin starfi áfram. Mun nýbreytni í stofni útvarpsgjalds einfalda starfsemina, störfum mun fækka og annar kostnaður lækkar við þessa breytingu. Einnig ræður það miklu um þessa tillögu, hversu mjög árangur við innheimtu hefur batnað á undanföllum árum svo sem 1. tafla sýnir. Er innheimtuárangur Ríkisútvarpsins orðinn sambærilegur við það sem best gerist hjá opinberum stofnunum.

1. tafla.

Eftirstöðvar afnotagjalda gjaldaárs 31. des., árin 1978—1981.

1978:	16,7%	1980:	12,1%
1979:	15,4%	1981:	10,9%

Loks skal bent á að lagt er til að Tryggingastofnun ríkisins greiði Ríkisútvarpinu útvarpsgjald fyrir þá sem njóta uppbótar á lífeyri sinn, fremur en að Ríkisútvarpinu sé ætlað að standa straum af þessum kostnaði, eins og nú er. Mun það ákvæði nú gilda um 3500 afnotagjöld, og nemur það um 4,7 milljónum króna árið 1982.

Þáttur auglýsinga í tekjuöflun Ríkisútvarpsins.

Með afnotagjöldum hefur Ríkisútvarpið aðeins aflað hluta af tekjum sínum. Tekjur af auglýsingum er annar megingestofn stofnunarinnar og er áætlað að svo verði áfram. Skipting tekna hljóðvarps og sjónvarps hefur verið eins og 2. tafla sýnir.

2. tafla.
Tekjustofnar Ríkisútvarpsins 1961—1980. Skipting tekna í %.

Hljóðvarp	Afnota- gjöld	Auglýs- ingar	Aðrar tekjur
1961—65 (meðalt.)	54,2	42,3	3,5
1966—70 (meðalt.)	58,3	39,3	2,4
1971—75 (meðalt.)	55,5	43,4	1,1
1976	55,9	42,8	1,3
1977	54,6	44,3	1,1
1978	50,4	47,5	2,1
1979	49,8	47,5	2,7
1980	48,2	48,2	3,6

Sjónvarp	Afnota- gjöld	Auglýs- ingar	Toll- tekjur	Aðrar tekjur
1967—70 (meðalt.)	54,1	7,5	37,6	0,8
1971—75 (meðalt.)	72,4	14,5	12,3	0,8
1976	74,2	15,0	10,1	0,7
1977	64,8	11,3	23,5	0,4
1978	58,9	12,2	27,9	1,0
1979	68,9	16,7	12,9	1,5
1980	73,9	23,5	1,2	1,4

Í hljóðvarpi er hlutur auglýsinga u. þ. b. jafnstór og sá hluti afnotagjalda sem kemur í hlut hljóðvarpsdeildar. Í sjónvarpi eru auglýsingatekjur innan við fjórðung heildartekna, en fer vaxandi.

Ekki fer á milli mála, hversu mikilvægar auglýsingatekjurnar eru Ríkisútvarpinu. Hlýtur það að vekja ýmsar spurningar varðandi framvindu auglýsinga í Ríkisútvarpinu, að í I. kafla þessa frumvarps er lagt til, eins og fyrr var skýrt frá, að allar útvarpsstöðvar, sem leyfi fá til þráðlausra útsendinga, fái að afla sér tekna með auglýsingum. Verður þáttur auglýsinga hjá slíkum stöðvum ákveðinn af útvarpsréttarnefnd með samanburði við hlut auglýsinga í dagskrá Ríkisútvarpsins (sjá 3. töflu). Allar útvarpsstöðvar, Ríkisútvarpið þar með talið, eiga sem sé í aðalatriðum að sitja við sama borð að þessu leyti.

3. tafla.
Hlutur auglýsinga í dagskrá í % af heildartíma.

Hljóðvarp:			
1971	6,0%	1976	7,6%
1972	6,3%	1977	7,9%
1973	7,2%	1978	8,4%
1974	9,1%	1979	7,8%
1975	7,7%	1980	8,7%

Sjónvarp:			
1971	3,2%	1976	3,2%
1972	2,9%	1977	2,8%
1973	3,2%	1978	3,6%
1974	4,3%	1979	4,4%
1975	4,8%	1980	5,4%

Talsverður hluti auglýsinga Ríkisútvarpsins höfðar til þjóðarinnar allrar, og er líklegt að auglýsendur beini þeim að miklu leyti áfram þangað, þar eð aðrar stöðvar eru bundnar við afmörkuð svæði. Vegna þess eðlismunar, sem er á auglýsingum annars vegar í hljóðvarpi og hins vegar í sjónvarpi, mætti ætla, að sjónvarpið haldi miklum hluta sinna auglýsinga, en hljóðvarpið tapi talsverðum hluta þeirra auglýsinga er höfða til viðskipta og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem líklegast er að nýjar stöðvar taki til starfa. Úr þessu mun reynslan skera, og við því þarf að bregðast með viðeigandi hætti.

Útvarpslaganefnd lítur svo á, að Ríkisútvarpið hljóti að mega hækka útvarpsgjald sitt sem nemur tapi auglýsingatekna, og þá fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að Ríkisútvarpinu eru lagðar skyldur á herðar umfram aðrar útvarpsstöðvar sem standa ber við, óháð aðstæðum að þessu leyti.

Tolltekjur af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum.

Í 2. töflu hér að framan má sjá að tolltekjur voru á tímabili verulegur huti tekna sjónvarps. Fékk Ríkisútvarpið tolltekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til uppbyggingar dreifikerfis og tækjakaupa í sjónvarpsstöð frá upphafi. Breyting á lögum um tollskrá, 11. febrúar 1970, veikti þennan tekjustofn, þar sem fjármálaráðuneyti var þá aðeins heimilað „að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofn- kostnaðar sjónvarps“. Heimildarákvæði þetta var fellt brott við endurskoðun, sem gerð var á tollalögum árið 1976 og fór þá að síga á ógæfuhliðina svo sem taflan sýnir.

Í III. kafla þessa frumvarps, 2. mgr. 16. gr., er fjallað um megintekjustofna Ríkisútvarpsins. Meðal þeirra eru: „aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau“. Gert er ráð fyrir því, að tekjur þessar renni í framkvæmdasjóð.

Fjárfestingarverkefni Ríkisútvarpsins hafa löngum verið mikil. Undanfarin ár hefur FM-kerfi hljóðvarps verið byggt upp, auk þess sem tækjabúnaður að Skúlagötu 4 hefur verið bættur og endurnýjaður. Dreifikerfi sjónvarps er jafnan fjárfrekt, — senda þarf að endurnýja á 10—12 ára fresti, auk þess sem stöðugt er unnið að útfærslu (víkkun) kerfisins. Útvarpshús er í smíðum og unnið er að uppbyggingu aðstöðu á Akureyri.

Að lokum skal minnst á aðkallandi verkefni, sem er bygging nýrrar langbylgjustöðvar. Möstrin á Vatnsendahæð eru orðin 53 ára gömul og sérstök könnun á ástandi þeirra árið 1978 leiddi í ljós, að þörf á endurnýjun er afar brýn. Enginn vill í rauninni bera ábyrgð á því að landið verði án úvarps á langbylgju, ef loftnetsmöstrin brotna niður. Lausleg áætlun sýnir, að endurnýjun er feikna kostnaðarsöm, eða yfir 100 milljónir króna. Engin senditíðni á FM-eða AM-bandi kemur í stað langbylgjusendinga.

Fleira mætti nefna af sérstökum, kostnaðarsömum þjónustuskyldum Ríkisútvarpsins. Þar sem sumar þessar skyldur tengjast öryggismálum þjóðarinnar allrar, er full þörf talin á að styrkja Ríkisútvarpið sérstaklega til þess að sinna slíkum verkefnum.

Lokaorð.

Útvarpslaganefnd hefur í starfi sínu haft ríkt í huga þá þróun sem orðið hefur í útvarpsfjölmíðlun, svo og þá umræðu sem fram hefur farið um þessi mál í fjölmíðlum og á Alþingi (fylgiskjal II) undanfarin ár.

Mikil samstaða hefur orðið í nefndinni um meginstefnumörkun, þótt skoðanir hafi eðlilega verið skiptar um einstök framkvæmdaatriði svo sem fram kemur í athugasemdum einstakra nefndarmanna í viðauka.

Rétt þykir að fram komi, að nefndin hefur í raun ekki haft mikið gagn af útvarpslögum nágrannaþjóða. Mikið umrót er á sviði útvarpsfjölmíðlunar um þessar mundir víða um heim vegna tækniþróunar og ýmiss konar tilraunastarfsemi. Löggjöf stendur hins vegar ennþá nær óhöggðu, þótt miklar breytingar séu áformaðar víðast hvar. Um stöðu og hugsanlega fram-

vindu í hljóðvarps- og sjónvarpstækni, svo og skipan útvarpsmála í nálægum löndum, vísast til fylgiskjala III og IV.

Útvarpslaganefnd hefur samkvæmt framansögðu fyrst og fremst reynt að meta stöðu og þróun mála miðað við aðstæður hér á landi, og er í niðurstöðum nefndarinnar að finna mikilvæg nýmæli, sem vonandi fá vandaða og málefnalega umfjöllun, er leiði til farsællar ákvörðunar.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Réttur til útvarps.

Um 1. gr.

Í nógildandi útvarpslögum nr. 19/1971 segir svo í upphafi 2. gr.: „Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi“. Fjalla þau lög því eingöngu um Ríkisútvarpið. Í I. kafla þessarar tillögu að frumvarpi til nýrra útvarpslaga er lögð til sú **grundvallarbreyting**, að öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Fjallar kaflinn um með hverjum hætti það má verða.

Úr 1. gr. má lesa þá meginforsendu, að ein útvarpslög fjalli um allan útvarpsrekstur í landinu. Utan ramma laganna falli einungis útsendingar innan fjölskyldu eða jafn þröngs hóps tengdum vináttuböndum, svo og sending upplýsinga eða boða innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á skilgreiningu, sem er að finna í upphafi 1. mgr., en þar er út frá því gengið, að hugtakið **útvarp** sé í lögum þessum samheiti fyrir **hljóðvarp** og **sjónvarp**. Svo er einnig í nógildandi útvarpslögum, þótt beina skilgreiningu vanti þar.

Um 2. gr.

Í framhaldi af skilgreiningu 1. gr. á gildissviði laga þessara, er því hér slegið föstu, að öðrum aðilum en Ríkisútvarpinu má veita leyfi til útvarps. Er lagt til að sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, skipuð 7 mönnum, veiti slík leyfi í samræmi við efni I. kafla sem á eftir fer. Varð sú tilhögun ofan á í útvarpslaganefndinni, enda verður að telja óeðlilegt að dag-skrárstjórn Ríkisútvarpsins (útvarpsráð) veiti leyfi til annarra stöðva og verði um leið dag-skrárstjórn þeirra. Útvarpsréttarnefnd skal kjörin hlutfallskosningu af Alþingi ásamt vara-mönnum eftir hverjar alþingiskosningar, eða með sama hætti og útvarpsráð (sjá 13. gr.).

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um almenn skilyrði þess að fá leyfi til útvarps, og er því lýst í 1. mgr., hverjir sótt geta um slíkt leyfi.

Í **1. tölulið** er kveðið á um að einungis verði veitt leyfi til útvarps á metra- og desimetra-bylgjum. Það þýðir, að sendingar nái yfir takmörkuð svæði, sem í aðalatriðum afmarkast af landfræðilegum aðstæðum. Póst- og símamálastofnunin sér um að tæknilegum skilyrðum sé fullnægt. Er orðalag þessa liðar frá þeirri stofnun komið.

Svo sem marka má af **2. tölulið** þykir rétt að sveitarstjórnir hafi hönd í bagga, og er því sett sem skilyrði að þær mæli með veitingu leyfis til útvarpssendinga, hver á sínu svæði.

Það er skoðun útvarpslaganefndar sem fram kemur í **3. tölulið**, að útvarp á íslenskri grund eigi einungis að vera í höndum íslenskra félaga.

Efni í **4. tölulið** er að mestu í anda 3. mgr. 3. gr. nógildandi útvarpslaga og þar með einnig 3. mgr. 10. gr. þessa frumvarps. Hér eru þó ekki gerðar jafnstrangar kröfur og til Ríkisútvarpsins um að: „gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum“, þótt vitaskuld beri útvarpsstöðvum sem leyfi hafa að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og virða tjáningarfrelsi. Einmitt vegna þeirra sjálfsögðu kvaða er einstaklingum, félögum eða stofnunum gert

kleift að leita réttar síns hjá útvarpsréttarnefnd, telji þeir hafa orðið á þessu misbrest, sbr. 3. mgr.

Í **5. tölulið** er ótvírætt gert að skilyrði að einungis megi senda út efni sem leyfis hefur verið aflað fyrir. Ákveðið mun að taka gildandi höfundalög nr. 73/1972 til endurskoðunar, enda er þar ekki að fullu tekið tillit til nýjunga, svo sem myndbanda. Útvarpslaganefnd lítur svo á að fara beri að gildandi lögum í þessu efni á hverjum tíma.

Í **6. tölulið** er vísað til laga um vernd barna og ungmenna (nú nr. 53/1966) þar sem m. a. er fjallað um skoðun kvikmynda, svo og til almennra hegningarlaga hvað varðar útsendingu ósæmilegs efnis. Hljóta útvarpsstöðvar að bera ábyrgð í samræmi við gildandi lög um þessi efni.

Ákvæði í **7. tölulið** eru sett til þess að auðvelda útvarpsréttarnefnd störf að eftirliti með því, að farið sé að settum skilyrðum í hvívetna, auk þess sem tilkynna skal útvarpsstjóra, sem beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt V. kafla frumvarpsins (sjá um 28. og 29. gr.).

Með **8. tölulið** vill útvarpslaganefnd fyrst og fremst koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki, stofnanir eða stjórnámalamtök geti í auglýsingaskyni mótað og kostað almenna dagskrá félags er leyfi hefur fengið til útvarpsreksturs.

Svo sem marka má af **9. tölulið** er talið nauðsynlegt að útvarpsréttarnefnd fái nokkuð frjálssar hendur við að móta sér starfsreglur í smáatriðum við samningagerð við útvarpsstöðvar í samræmi við lagaákvæði þessa kafla.

Um 4. gr.

Í almennri greinargerð hér að framan er gerð grein fyrir þætti auglýsinga í tekjuöflun Ríkisútvarpsins og hugsanlegum þörfum nýrra útvarpsstöðva fyrir auglýsingar. Hér er lagt til að hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, sem leyfi hafa fengið til þráðlausra útsendinga, megi afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum. Slíkar stöðvar geta ekki með góðu móti innheimt afnotagjöld, þótt bjóða megi áskrift að efni stöðvanna. Það hlýtur að vera markmið í sjálfu sér að gera útvarpsstöðvunum kleift að vanda til dagskrárefnis. Bann við auglýsingum stöðva af þessu tagi gæti leitt til lélegrar dagskrár. Á hinn bóginn skal það skýrt tekið fram að útvarpslaganefnd er andvíg því að stofna til hreinræktaðs viðskiptaútvarps („Commercial radio/tv“).

Réttmætt þykir, að hlutur auglýsinga í dagskrá, svo og reglur um flutning auglýsinga, verði í aðalatriðum með sama sniði hjá öllum útvarpsstöðvum, Ríkisútvarpið þar með talið.

Í síðustu mgr. er hafður sá fyrirvari, að sá tími kunni að koma að þráðlausar útsendingar verði að einhverju leyti með þeim hætti, að sérstakan útbúnað þurfi til að ná þeim. Fyrir slíkar sendingar er þá auðvelt að innheimta afnotagjöld og auglýsingar því óheimilar, eins og um sendingar um þráð væri að ræða (sjá 5. gr., 3. tölulið). Nú þegar er rætt um „lyklaðar“ („kodet“ — „scrambled“) útsendingar frá gervihnöttum, sem verði lokaðar öðrum en þeim sem greiða afnotagjöld.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um sérstakar reglur vegna útvarps um þráð, þ. e. kapal, er gildi auk hinna almennu skilyrða í 3. gr. Þó eru nokkur skilyrði þeirrar greinar felld niður við ákveðnar aðstæður (sjá 4. tölulið).

Algennt er að lögð séu sameiginleg loftnetskerfi fyrir fjölbýlishús og færst hefur í vöxt að lögð séu kapalkerfi fyrir heil íbúðahverfi til að dreifa dagskrá Ríkisútvarpsins viðstöðulaust. Ljóst er, að verði slík kerfi eingöngu notuð til dreifingar dagskrár Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva, sem leyfi hafa, er með öllu ástæðulaust að um þau gildi skilyrði 3. gr. og 5. gr., önnur en þau sem um getur í 5. gr., 1. og 2. tölulið, þ. e. að sveitarstjórnir leyfi lagningu þráðar og að notkun slíks kerfis sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar til að tryggja viðunandi notagildi.

Flest þau kapalkerfi, sem nú eru lögð, hafa hins vegar margar rásir. Séu einhverjar þeirra teknar í notkun til útsendingar sjálfstæðrar dagskrár gilda skilyrði 3. og 5. gr., og þarf þá að stofna félag er leitar leyfis til slíkrar útsendingar.

Í 3. tölulið er lagt til að auglýsingar verði ekki heimilaðar sem tekjuöflunarleið í útvarpi um þráð, þótt svo sé gert ef um þráðlausar sendingar er að ræða (sjá 4. gr.). Svo háttar til að útvarpi um þráð er unnt að stýra með þeim hætti að innheimta afnotagjöld hjá hverjum notanda, en hætta sendingum sé ekki staðið í skilum. Þetta er hins vegar útilokað í þráðlausu útvarpi, nema um sé að ræða svonefndar „lyklaðar („kodet“ — „scrambled“) sendingar. Sanngjarnt þykir að útvarpsstöðvar, sem hafa svo einfalda og örugga leið til tekjuöflunar, gangi ekki á hlut þráðlausra útvarpsstöðva á auglýsingamarkaðinum.

Nú er það svo að útvarp um þráð er oft bundið við móttöku mjög fárra, t. d. innan einnar og sömu byggingar. Svo smátt í sniðum getur kapalkerfi verið, að ástæðulaust sé að setja um það öll þau almennu skilyrði sem um getur í 3. gr. Hér er því lagt til í 4. tölulið að útvarp um þráð með móttöku í 36 íbúðum eða færri sé **ekki** bundið þeim skilyrðum:

- a. að sveitarstjórn mæli með veitingu leyfis (3. gr., 2. töluliður), nema leita þurfi heimildar um lagningu þráðar (sjá 5. gr., 1. töluliður).
- b. að dagskrárgerð sé bundin almennum reglum, svo sem lýðræðislegum grundvallarreglum o. fl. (3. gr., 4. töluliður).
- c. að þurfa að gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir dagskrárstefnu (3. gr., 7. töluliður).
- d. um það hverjir kosti dagskrá (3. gr., 8. töluliður).
- e. að gera þurfi sérstakan samning við útvarpsréttarnefnd (3. gr., 9. töluliður).

Hins vegar þurfa slíkar stöðvar, þótt smáar séu, að uppfylla skilyrði:

- a. um tæknibúnað (3. gr., 1. töluliður).
- b. um aðild erlendra aðila (3. gr., 3. töluliður).
- c. um að aðeins sé sent út efni sem aflað hefur verið leyfis fyrir (3. gr., 5. töluliður).
- d. um að dagskrárefni fari að gildandi lögum að öðru leyti (3. gr., 6. töluliður).

Í 5. tölulið er skýrt tekið fram, að þessi grein fjallar ekki um notkun hins almenna símakerfis til að dreifa upplýsingum (t. d. símaklukkan) eða til að tengjast tölvum.

Um 6. gr.

Ný viðhorf blasa nú við varðandi móttöku og sendingu útvarpsefnis, einkum sjónvarpsefnis um gervihnetti (sjá fylgiskjal III). Er erfitt að ráða í, hver tilhögun þeirra mála verður til frambúðar. Nauðsyn er á, að taka með í útvarpslög ákvæði, er tryggi að farið sé að alþjóðasamþykktum, sem Póst- og símamálastofnunin á aðild að. Er 6. gr. samin í samræði við þá stofnun. Fjallað er um þrenns konar sendingar um gervihnött:

- a. móttöku eða sendingu milli fastra stöðva samkvæmt samningi þeirra á milli. Má sem dæmi nefna móttöku Ríkisútvarps-sjónvarps á daglegum „fréttapökkum“.
- b. móttöku dagskrár, sem gagnert er dreift um gervihnött til móttöku almennings, svo sem yrði um NORDSAT, svo dæmi sé nefnt.
- c. móttöku efnis í þar til gerðum móttökustöðvum og skilyrði dreifingar þaðan til almennings. Litið er svo á að stöð, sem starfrækt er til dreifingar á efni sem borist hefur um gervihnött, falli innan ramma þessara laga og sé háð skilyrðum þeirra.

Sérstaklega er tekið fram að auglýsingar, sem fylgja dagskrá erlendis frá, séu heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög, svo sem lög um vernd barna og ungmenna og hegningarlög sem áður hafa verið nefnd. Ljóst er, að slíkar auglýsingar yrði ákaflega erfitt að hefta, hvernig sem á málið er litið.

Um 7. gr.

Það dylst væntanlega engum, að I. kafli frumvarpsins er mikið nýmæli. Vart verður hjá því komist að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd. Þau ákvæði munu svo áreiðanlega mótast og breytast með þeirri reynslu sem fæst af framkvæmd laganna fyrstu árin.

Af ákvæðum fyrri greina má ljóst vera, að útvarpsréttarnefnd er falið viðamikil verk-efni, þar sem eru leyfisveitingar, samningsgerð og eftirlit. Telja verður að einmitt útvarps-
réttarnefnd sé því rétti aðilinn til að afturkalla leyfi, ef þörf krefur.

II. KAFLI Ríkisútvarpið.

Um 8. gr.

Með þessari grein hefst kafli um Ríkisútvarpið og er greinin samhljóða 1. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk Ríkisútvarpsins með mun ákveðnari hætti en gert er í núgildandi lögum. Ein hljóðvarpsdagskrá skal skv. 1. mgr. ná til alls landsins og næstu miða. Telur útvarpslaganefnd það öryggisatriði að sú dagskrá standi aldrei skemur en í 16 klst. á sólarhring, þótt lengd dagskrár sé að öðru leyti ákveðin í reglugerð, þyki ástæða til.

Í sömu mgr. segir að til alls landsins og næstu miða skuli senda eina sjónvarpsdagskrá **árið um kring**. Hingað til hefur sjónvarp verið lokað í júlímánuði ár hvert vegna sumarleyfa, en nú eru fram komnar tillögur stofnunarinnar um að frá þessari sumarlokun verði fallið frá og með sumrinu 1983.

Hvað varðar fimmtudagslokun sjónvarps sem e. t. v. á eftir að standa eitthvað lengur, má túlka orðalagið „**sjónvarpsdagskrá árið um kring**“ með þeim hætti, að ekki sé með því kveðið á um nákvæma tilhögun, svo sem fjölda útsendingardaga í viku hverri. Markmiðið hlýtur hins vegar að vera, að sjónvarpað sé á hverju kvöldi.

2. mgr. heimilar Ríkisútvarpinu ótvírætt að taka upp dagskrá 2 í hljóðvarpi og sjónvarpi, eða taka upp landshluta- eða héraðsútvarp, „samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs“. Ber að líta svo á að þær ákvarðanir þýði, að fjár hafi hverju sinni verið aflað til aukningar útsendinga, enda ber útvarpsstjóri hina fjárhagslegu ábyrgð stofnunarinnar.

Vert er að vekja athygli á 5. mgr., þar sem Ríkisútvarpinu er heimilað að hafa samvinnu um dagskrárgerð og útsendingar við aðrar útvarpsstöðvar sem leyfi hafa fengið til útsendinga. Má í fyrsta lagi við því búast að efni staðbundinna stöðva geti átt erindi til þjóðarinnar allrar um Ríkisútvarpið, eða þá að útvarpsstöðvar óski á hinn bóginn eftir efni frá Ríkisútvarpinu. Í öðru lagi er engan veginn útilokað að Ríkisútvarpið geti í framtíðinni leigt staðbundnum stöðvum tækniútbúnað sinn til útsendinga á örbylgjum. Útvarpslaganefnd álitur að samvinna af þessu tagi geti orðið mjög æskileg.

Í lok greinarinnar er vakin sérstök athygli á mikilvægi þess að nýta útvarp í vaxandi mæli í fræðsluskyni. Fyrir liggur álit útvarps- og sjónvarpsfræðslunefndar til menntamálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1979.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða þeirri grein núgildandi útvarpslaga, sem hvað oftast er vitnað til, þ. e. 3. gr., með einni undantekningu þó. Á eftir orðunum: „og veita fræðslu í einstökum greinum“, kemur í núgildandi lögum: „þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum“. Útvarpslaganefnd leggur til að þessi orð falli nú út. Yrði slík upptalning tekin inn í laga- greinina má öllum vera ljóst að hún yrði mun víðtækari en þarna er, við þær aðstæður sem þjóðin býr nú við. Umferðar- og slysavarnamál eru dæmi um fjölmarga mikilvæga málaflokka sem Ríkisútvarpið hlýtur að veita fræðslu um, og er ekki heppilegt að vera með langa upptalningu í sjálfum lögnum. Slíkt ætti þá betur heima í reglugerð. Lögin eru ótvíræð um nauðsyn fræðslu sem þessarar og nægir að vekja athygli á eftirfarandi setningu síðar í greininni: „Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.“

Um 11. gr.

Í fyrri mgr. þessarar gr. segir að Ríkisútvarpinu beri að stuðla að varðveislu frumflutts hljóð- og myndritaðs dagskrárefnis. Hér er hins vegar ekki tekin til þess afstaða með hverjum hætti þetta verði. Vel getur verið að rétt sé að Ríkisútvarpið annist sjálft geymslu þess efnis, sem líklegt er að verði endurflutt, en Landsbókasafn eða Þjóðskjalasafn að öðru leyti.

Í seinni mgr. er opnaður möguleiki þess, takist samningar við réttihafa efnis, að hafa dagskrárefni til útlána eða sölu. Er hugsun þessarar mgr. í fullu samræmi við þingsályktun um íslenskt efni á myndsnældum sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982 (fylgiskjal I).

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 13. gr.

Í lögum nr. 8/1975 um breytingu á útvarpslögum nr. 19/1971 var gerð sú breyting að kjósa útvarpsráð **eftir hverjar alþingiskosningar**, í stað þess að kjósa það til fjögurra ára. 1. mgr. þessarar gr. er í samræmi við þessa breytingu.

2. mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru nokkrar mikilvægar breytingar frá 6. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er ákveðið að útvarpsráð taki ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum svo sem verið hefur, en því nú bætt við, að þær ákvarðanir séu **innan marka fjárhagsáætlunar**.

Það ákvæði núgildandi laga, að útvarpsráð leggi fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda er hins vegar fellt út. Skipulagning dagskrár er orðin viðamikil starf margra manna og vart á færi útvarpsráðsmanna að kynna sér dagskrána ætíð til hlítar fyrir fram, enda ástæðulaust að útvarpsráð eyði miklu af tíma sínum til umfjöllunar um einstaka dagskrárliði, og þá oft smávægileg atriði. Þykir útvarpslaganefnd það meginatriði að útvarpsráð móti fyrst og fremst dagskrárstefnuna. Þessi breyting eykur hlut og þar með ábyrgð dagskrárstjórnanna.

Síðasta setning 2. mgr. er ný og varðar í raun þær skyldur útvarpsstjóra að sjá til þess að dagskrá sé innan ramma fjárhagsáætlunar, sbr. 1. mgr.

Síðasta mgr. er einnig nýmæli þar sem útvarpsráði er gert að skapa tengsl við notendur með ráðstefnu um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins annað hvert ár.

Um 15. gr.

Þessari grein svipar að flestu leyti til 7. gr. núgildandi laga. Þó er hlutverki hinna þriggja deilda nú lýst heldur nánar og lagt er til að starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi tvo fulltrúa á fundum framkvæmdastjórnar, annan frá hljóðvarpi, en hinn frá sjónvarpi. Varð þetta niðurstaðan, þótt einnig bæri á góma, hvort rétt væri að kveða á um starfrækslu sérstaks starfsmannaráðs.

III. KAFLI

Fjármál Ríkisútvarpsins.

Um 16. gr.

Ríkisútvarpið fékk frá upphafi starfsemi sjónvarps tollatekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til tækjakaupa og uppbyggingar dreifikerfis í byrjun og seinna til litvæðingar.

Tekjustofn þessi átti sér stoð í lögum um tollskrá. Breyting á þeim lögum 11. febr. 1970 (3. gr. 39. tl.) veikti þessa stoð með því að gera ákvæðið að heimild til fjármálaráðuneytis.

Heimildarákvæðinu var síðan fargað við endurskoðun tollalaga árið 1976. Þáverandi menntamála- og fjármálaráðherrar náðu þó samkomulagi um skil á umræddum tolltekjum til Ríkisútvarpsins meðan báðir voru ráðherrar.

Á árunum 1976—1979 voru tekjur þessar skertar nokkuð og féllu að fullu niður árið 1980.

Í ljósi framanskráðs er í 2. mgr. lagt til að bætt verði við megintekjustofna Ríkisútvarpsins aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau.

Fyrirsjáanlegar eru mjög fjárfrekar framkvæmdir á næstu árum og er Ríkisútvarpinu því nauðsynlegt að endurheimta umræddan tekjustofn.

Í 4. mgr. er lagt til að útvarpsstjóri ákveði útvarpsgjald, sbr. 1. mgr., en nú ákveður menntamálaráðherra afnotagjald, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Ákvörðun afnotagjalda hefur stundum verið seint á ferðinni og valdið með því erfiðleikum og afnotagjöld hafa ekki fylgt almennri verðlagsþróun svo fé hefur skort til dagskrárgerðar og nauðsynlegs viðhalds.

Breytingin í 5. mgr. byggir á sömu ástæðum og greint er frá í 4. mgr. Í ljósi tæknipróunar í fjölmiðlum er brýnna en áður að Ríkisútvarpið geti brugðist skjótt við aukinni samkeppni á auglýsingamarkaði með sveigjanlegri verðstefnu. Sérþekking á verðmyndun þeirrar þjónustu sem Ríkisútvarpið selur, er traustust innan stofnunarinnar sjálfrar.

Að öðru leyti en hér hefur verið nefnt er efni þessarar greinar tekið úr 13. gr. núgildandi laga.

Um 17. gr.

Þessi grein er samhljóða 14. gr. núgildandi útvarpslaga, eins og hún er eftir breytingu með lögum nr. 49/1979, svo langt sem sú grein nær. Hér er því hins vegar bætt við, að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau, sbr. 16. gr., renni í sjóðinn. Í síðustu mgr. er svo dreifikerfum bætt við hlutverk framkvæmdasjóðsins, og er þar síst höfð í huga brýn þörf á byggingu landbylgjustöðvar í stað Vatnsendastöðvar.

Um 18. gr.

Þessi grein er rituð í anda 1. mgr. 16. gr. Með reglugerðarbreytingu nr. 431 frá 15. ágúst 1980 var nýtt heimild í 15. gr. gildandi útvarpslaga um innheimtu sameiginlegs afnotagjalds hljóðvarps og sjónvarps. Þá var með reglugerðarbreytingu nr. 728 frá 13. október 1983 gerð sú undantekning frá aðalreglunni um greiðslu afnotagjalds af hverju sjónvarpstæki, að eins er innheimta gjald af einu tæki á hverju heimili.

Stofn sá sem hér er lagt til að valinn verði byggir á endurgjaldskeningunni og hann treystir best sjálfstæði Ríkisútvarpsins (sbr. 1. gr.).

Skv. greinargerð frá Evrópubandalagi útvarpsstöðva (EBU) árið 1981, er sjónvarpstækjaeign lögð til grundvallar á öllum Norðurlöndunum og gildir hið sama um flest lönd Evrópu. Nýleg tilraun Hollendinga með annan gjaldstofn tengdan sköttum mistókst og hafa þeir aftur tekið upp sjónvarpstækjaeign sem tekjustofn.

Skráningar- og innheimtukostnaður var 5,8% 1980 og 5,5% 1981. Til samanburðar má geta að gjaldheimtan tekur 6% þóknun fyrir innheimtu á kirkjugjaldi sem reiknast af útvarpsstofni.

Gjaldtaka skv. sjónvarpstækjaeign eingöngu einfaldar starfsemi innheimtudeildar og mun störfum þar fækka og annar kostnaður lækka við þessa breytingu.

Niðurfelling afnotagjalda hjá þeim sem njóta uppbótar á lífeyri sinn skv. 7. gr. reglugerðar nr. 32 frá 25. janúar 1972 nemur verulegum fjárhæðum, nú um 3500 afnotagjöld og fer fjölgandi. Óeðlilegt má telja að ein opinber stofnun geti með þessu móti ávísað á reikning annarrar. Því er lagt til að horfið verði frá núgildandi fyrirkomulagi og Tryggingastofnun ríkisins greiði Ríkisútvarpinu umrædd útvarpsgjöld.

Um 19. gr.

Felld eru brott þau atriði í 16. gr. núgildandi laga er lúta að skráningu hljóðvarpstækja, sbr. 18. gr.

Um 20. gr.

Efnislega er þessi grein samhljóða 17. gr. núgildandi laga. Skráningarnúmer er lykill að gjaldstofni sem er nafnnúmer eiganda að viðbættri tveggja stafa raðtölu.

Um 21. gr.

Orðalag í 18. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

Um 22. gr.

19. gr. núgildandi laga er hér breytt í anda 6. mgr. 15. gr. þessa frumvarps.

Um 23. gr.

Orðalag í 20. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

Um 24. gr.

Orðalag í 21. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

IV. KAFLI

Dreifing og réttindi.

Um 25. gr.

Orðalag þessarar greinar er eins og í 8. gr. núgildandi laga með þeirri undantekningu að útvarpsréttarnefnd er skotið inn í upphafi greinarinnar, auk þess sem Landssími Íslands heitir nú Póst- og símamálastofnunin. Er þetta atriði einnig leiðrétt í næstu grein.

Um 26. gr.

Greinin er svipuð 9. gr. núgildandi laga. Með hliðsjón af breytingum í I. kafla þessa frumvarps er þó, auk truflana á starfsemi Ríkisútvarpsins, einnig fjallað um hugsanlegar truflanir á sendingum annarra útvarpsstöðva sem leyfi hafa. Heimilt er útvarpsstöðvum þá, á kostnað eiganda fyrirtækis sem truflun veldur, að gera eða fyrirskipa nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra truflanir. Þá er átt við fyrirtæki sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, svo og fyrirtæki, sem þar eru fyrir, og sem breyta búnaði þannig að truflun veldur. Hins vegar er ekki unnt að ætlast til, að gróið fyrirtæki beri af því kostnað, þótt vélabúnaður þess trufli nýja útvarpsstöð, sem valinn hefur verið staður í nágrenni fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum hlýtur að teljast eðlilegt að ný útvarpsstöð láti fara fram könnun á truflunarvöldum áður en staður er endanlega ákveðinn fyrir stöðina.

Um 27. gr.

Hér er 12. gr. núgildandi laga tekin upp orðrétt.

V. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

Um 28. og 29. gr.

Prófessor Gaukur Jörundsson hefur látið í ljós það álit, að sömu meginsjónarmið varðandi ábyrgð á útvarpsefni og eru í núgildandi útvarpslögum séu enn í fullu gildi. Í þessu frumvarpi er hins vegar um fleiri útvarpsstöðvar að ræða en Ríkisútvarpið eitt, og þarf því að breyta ákvæðum 22. og 23. gr. núgildandi laga þannig, að þau nái einnig til annarra útvarpsstöðva. Er það gert hér.

Jafnframt verður þá að vera ótvírætt, að ákveðinn maður beri ábyrgð á útvarpi útvarpsstöðvar með hliðstæðum hætti og útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins. Er það tryggt í 3. gr., 7. tölulið.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 30. gr.

Efni í þessa grein er sótt í 24. gr. núgildandi laga.

Um 31. gr.

Hér er 25. gr. núgildandi laga tekin upp orðrétt.

Um 32. gr.

Parfnast ekki skýringa.

VIÐAUKI

Sérálit einstakra nefndarmanna.

Andrés Björnsson og Vilhjálmur Hjálmarsson:

Við undirritaðir, Andrés Björnsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, teljum að mjög orki tvímælis hversu langt skuli ganga að rýmka rétt manna til útvarpsreksturs hér á landi. Við höfum þó tekið þátt í gerð þessa frumvarps og skoðum það sem viðleitni að beina þróun á þessu sviði inn á heppilegri brautir en verða mundi án nýrrar löggjafar.

Varðandi veitingu réttar til útvarps og eftirlits með útvarpsrekstri setjum við fram þessar hugmyndir:

1. Menntamálaráðherra veiti leyfin íslenskum lögaðilum, sveitarfélögum og skráðum hlutafélögum eða samvinnufélögum, sem stofnuð yrðu til þess að reka útvarpsstöðvar, að fengnum rökstuddum umsögnum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Hann geti á sama hátt afturkallað leyfi ef ekki er fullnægt lögmætum skilyrðum.
2. Eftirlit með framkvæmd dagskrár hjá öllum útvarpsstöðvum verði á einni hendi, þ. e. hjá þingkjörnu útvarpsráði.

Við teljum miklu varða að réttur félaga til útvarpsreksturs sé í fyrstu veittur til skamms tíma í tilraunaskyni og að slík leyfi verði ætíð tímabundin. Þá virðist okkur eðlilegt að veiting leyfa sé í höndum æðsta yfirmanns menntamála. Um tilhögun verði sett nánari ákvæði í reglugerð.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu skyldur allra útvarpsstöðva varðandi dagskrárgerð þær sömu að vissu marki. Því virðist eðlilegt að sama úrskurðarvald fjalli um mál þeirra allra að þessu leyti.

Af sjálfu leiðir, ef þessi háttur yrði á hafður, að breyta þyrfti nokkrum ákvæðum í frumvarpinu til samræmis við það. Að okkar dómi þyrfti einnig að skoða nokkru nánar fleiri þætti þessara viðkvæmu og vandasömu mála, meðal annars landshlutaútlit á vegum Ríkisútlitsins og fjármögnun nýrra útvarpsstöðva.

Benedikt Gröndal:

Ég hef haft fyrirvara á undirskrift minni undir álit útvarpslaganefndar, og er það aðeins almennur fyrirvari vegna brottfarar minnar áður en lokaþáttur starfsins hófst haustið 1982.

Ellert B. Schram:

Í álit nefndarinnar og frumvarpsdrögunum eru stórmerk nýmæli. Mikilvægast er að einkaréttur ríkisins er afnuminn og gert ráð fyrir, að fleiri aðilar geti stofnað og starfrækt útvarpsstöðvar í framtíðinni. Ég er eindreginn stuðningsmaður þessara breytinga, sem marka tímamót á Íslandi. Ég hef hins vegar verið andvígur ýmsum skilyrðum og skorðum, sem slíkum stöðvum eru settar, einkum og sér í lagi 2. mgr. 4. gr. og 3. tölulið 5. gr., sem báðar fjalla um takmörkun á auglýsingum í þargreindum stöðvum. Ég óttast að þessar takmarkanir muni hefta getu stöðvanna, til að bjóða upp á frambærilegt efni. Ég tel þá reglu farsælasta, að láta stöðvum sjálfum eftir, að ákveða magn og umfang auglýsinga, um leið og það er ósanngjarnt að banna auglýsingar alfarið í tilteknum stöðvum.

Ég geri mér grein fyrir því, að varfærni er nauðsynleg, þegar svo róttækar breytingar verða í útvarpsrekstri, og vænti þess, að mörg þeirra skilyrða, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að felist í frumvarpinu, verði felld niður, þegar mönnum er ljóst, að þau eru óþörf. Meginatriðið er, að nefndin hefur orðið sammála um að afnema einkarétt ríkisins og breyta útvarpslögunum til betri vegar að mörgu leyti, og þar af leiðandi skrifa ég undir nefndarálitið.

Kristján J. Gunnarsson:

Í útvarpslaganefnd hefur verið samstaða um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins í íslensku þjóðlífi eins og það er skilgreint í 10. gr. frv.

Sama máli gegnir um þær skyldur sem á Ríkisútvarpið eru lagðar skv. 9. gr. frv. og er þá m. a. haft í huga, hvern þátt útvarpið verður að skipa í almannavarnakerfi ríkisins.

Ljóst er að þessum markmiðum verður ekki náð, nema tryggt sé að til þess hafi Ríkisútvarpið fjárhagslega getu.

Ríkisútvarpið hefur á undanförunum árum aflað 48% tekna af hljóðvarpi og um 24% tekna af sjónvarpi með auglýsingum. Hefur Ríkisútvarpið að margra dómi neyðst til að ganga lengra í því efni en hóf er að.

Um langt árabil hefur gætt þeirrar tilhneigingar hjá stjórnvöldum að halda afnotagjöldum útvarpsnotenda sem lægstum. Hafa þau því stundum ekki fylgt verðlagsþróun. Vafalítið má rekja þá stefnu stjórnvalda til áhrifa afnotagjalda á framfærsluvísitölu.

Ógerlegt er að sjá fyrir hver áhrif samkeppni af hálfu útvarpsstöðva, sem leyfi fá til útvarps skv. 3. gr. frv., kann að hafa á auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins. Ég tel það því algera forsendu fyrir þeim breytingum til rýmkunar á rétti til útvarps, sem í frv. felast, að fjárhagur Ríkisútvarpsins verði tryggður. Sú trygging þarf að fela í sér, að Ríkisútvarpið verði á hverjum tíma þess megnugt að uppfylla lagaskyldur sem á það eru lagðar án tillits til þess hvernig fara kann tekjuöflun þess af auglýsingum í samkeppni við aðrar útvarpsstöðvar, verði frv. þetta að lögum.

Í 16. og 17. gr. frv., svo og skv. ákvæðum í 4. gr. þess, tel ég felast viðunandi tryggingu fyrir tekjuöflun Ríkisútvarpinu til handa.

Með vísun til þessarar forsendu um tekjuöflun Ríkisútvarpsins, er ég fylgjandi ákvæðum frv. um rýmkun útvarpsréttar. Afstaða mín til málsins í heild mótast af því sjónarmiði, að saman verði að fara rýmkun útvarpsréttar annars vegar og hins vegar fullkomin trygging fyrir því að Ríkisútvarpið hafi fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla þær skyldur sem á það eru lagðar skv. ákvæðum þessa frv.

Ólafur R. Einarsson:

Ég er í grundvallaratriðum fylgjandi þeim róttæku breytingum sem þetta nefndarálit (frumvarp) gerir á núgildandi útvarpslögum. Þróun á sviði útvarpsfjölmíðlunar á undanförunum árum krefst gagn Gerrar nýskipunar útvarpsmála.

Hin öra tæknipróun veldur því, að sjálfsagt er að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir glundroða í útvarpsmálum og því eðlilegt að koma á fót útvarpsréttarnefnd, er stýri þróuninni inn á heillavænlegar brautir. Þegar fleiri aðilar en Ríkisútvarpið fá rétt til að reka útvarpsstöðvar, er nauðsyn að tryggja Ríkisútvarpinu aðstöðu og fjárhagslegt sjálfstæði. Það á áfram að vera sá fjölmiðill, er nær til alls þorra landsmanna og vera þannig sameiningartákn í íslenskri fjölmiðlamenningu.

Í útvarpslaganefnd gerði ég að tillögu minni að útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð skyldu kosin til 4 ára í senn. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga í nefndinni. Þá hreyfði ég þeirri hugmynd að ákvæði um starfsmannaráð við Ríkisútvarpið yrðu tekin inn í II. kafla laganna. Það var ekki talið tímabært.

Varðandi auglýsingar tjáði ég nefndarmönnum það grundvallarsjónarmið, að ekki mætti ofurselja fjölmiðla verslunarauglýsingum og því rétt að einangra auglýsingar við þjónustuauglýsingar. Miðað við ríkjandi ástand varð niðurstaðan í auglýsingamálum að takmarka þær einungis í útvarpi um þráð.

Þá lagði ég til í II. kafla 12. gr. að skipan útvarpsstjóra væri aðeins til 4 ára í senn. Í 15. gr. lagði ég til að framkvæmdastjórar væru aðeins skipaðir til 4 ára í senn. Hvorug þessara tillagna fékk tilskilinn stuðning í útvarpslaganefnd.

Fylgiskjal I.

ÞINGSÁLYKTUN

um íslenskt efni á myndsnældum.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að upp verði teknar viðræður við eigendur höfundarréttar íslensks efnis, sem flutt hefur verið í Ríkisútvarpinu—sjónvarpi, er hafi það markmið að setja reglur er gefi almenningi kost á að fá íslenskt sjónvarpsefni til láns eða kaups á myndsnældum.

Samþykkt á Alþingi 3. maí 1982.

Fylgiskjal II.

Helstu þingskjöl sem tengjast störfum útvarpslaganefndar.

1. 1969 (90. löggjafarþing) — 86. mál.
Tillaga til þingsályktunar um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps.
Flm. Jón Kjartansson.
2. 1969 (90. löggjafarþing) — 87. mál.
Tillaga til þingsályktunar um skólasjónvarp.
Flm. Jónas Árnason.
3. 1973 (94. löggjafarþing) — 131. mál.
Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
Flm. Ellert B. Schram og Lárus Jónsson.
4. 1977 (99. löggjafarþing) — 28. mál.
Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
Flm. Guðmundur H. Garðarsson.
5. 1978 (100. löggjafarþing) — 86. mál.
Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
Flm. Ellert B. Schram.
6. 1978—79 (100. löggjafarþing) — 284. mál.
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.
Flm. Vilhjálmu Hjálmarsson.
7. 1980 (103. löggjafarþing) — 156. mál.
Breytingartillaga við frv. til laga um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980, um breyting á þeim lögum.
Flm. Benedikt Gröndal.
8. 1980—81 (103. löggjafarþing) — 245. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971.
Flm. Ólafur P. Þórðarson o. fl.
9. 1980—81 (103. löggjafarþing).
Skýrsla menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið (samkv. beiðni á þskj. 388).
10. Janúar 1980.
Skýrsla menntamálaráðherra til Alþingis um könnun möguleika á notkun gervihnatta við dreifingu sjónvarps- og hljóðvarpsefnis um Norðurlönd. (NORDSAT).
11. 1981 (104. löggjafarþing) — 7. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971.
Flm. Eiður Guðnason.
12. 1981 (104. löggjafarþing) — 10. mál.
Frumvarp til laga um héraðsútvarp.
Flm. Benedikt Gröndal og Árni Gunnarsson.
13. 1981—82 (104. löggjafarþing) — 185. mál.
Tillaga til þingsályktunar um íslenskt efni á myndsnældum.
Flm. Eiður Guðnason o. fl.
14. 1981—82 (104. löggjafarþing) — 271. mál.
Frumvarp til laga um útvarpsrekstur.
Flm. Friðrik Sophusson o. fl.

Fylgiskjal III.

Fylkir Þórisson:

Staða og hugsanleg framvinda í hljóðvarps- og sjónvarpstækni.

Fram til þessa hefur Ríkisútvarpið haldið einkarétti sínum á hljóðvarpi og sjónvarpi að mestu óskertum, ef frá er talið hljóðvarp og sjónvarp á Keflavíkurflugvelli. Ekki var það vegna þess að Ríkisútvarpið gengi svo hart fram í að vernda þennan rétt sinn, heldur aðallega vegna þess að búnaður til sendinga var ekki auðfenginn og efni til flutnings sömu-leiðis ekki aðgengilegt, þó það gildi ekki um hljóðvarp í jafn ríkum mæli og um sjónvarp.

En með tilkomu nýrrar tækni er nú svo komið að næstum hver og einn getur komið sér upp búnaði sem nota má til útsendinga á hljóði og (eða) mynd í smáum stíl. — Hér við bætist að efni til flutnings er auðfengið.

Í framtíðinni er því líklegt, að við hlið núverandi miðlunarleiða hljóðvarps og sjónvarps komi aðrar svæðisbundnar leiðir eða rásir, þar sem dagskrá er sniðin við smærri hópa notenda, t. d. landshluta hljóðvarp og sjónvarp eða í minni einingum, allt niður í bæjarhverfi. Þetta er mögulegt hér á Íslandi hvort sem er þráðlaust eða í gegnum kapal, eftir aðstæðum, því hér er ekki til að dreifa þeim skorti á bylgjulengdum sem hrjáir ýmsar aðrar þjóðir.

Ég mun nú reyna að lýsa nánar þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í dag og næstu framtíð og hugsanlegri notkun þeirra hér.

Kapal-sjónvarp.

Ef byrjað er á því sem stendur okkur næst og segja má að þegar sé komið í framkvæmd hér á frumstæðan og raunar nær einstæðan hátt, þar á ég við kapal-sjónvarp, þá er ekki hægt að tala um nýja tækni þar, heldur er hér um að ræða þróun þeirrar tækni, sem notuð hefur verið í sjónvarpsstöðvum síðan 1956, það er að segja upptaka og útsending af myndsegulböndum. Myndsegulbandstæki, sem í upphafi voru óheyrilega dýr, og eru raunar enn í þeim gæðaflokki sem notaður er í sjónvarpsstöðvum, eru nú orðin almenningseign.

Kapal-sjónvarp hófst í raun 1949, þegar amerískur sjónvarpstækjasali, sem bjó í bæ umkringdum fjöllum, sem hindruðu móttöku, setti upp loftnet á góðum stað og dreifði síðan merkinu á kapli í hús fyrir vægt gjald, til þess að geta selt fleiri tæki.

Slík loftnetskerfi höfum við lengi haft í fjölbýlishúsum og með tilkomu ódýrra kassettu-myndsegulbandstækja var einfalt að bæta viðbóttarrás inn á kerfin, þó ekki samræmdist það útvarpslögum.

En skoðum nánar hvaða möguleika kapalkerfi hafa upp á að bjóða.

Inn á slík kapalkerfi má setja allar þær sendingar sem til næst bæði frá hljóðvarpi og sjónvarpi, hvort sem þær koma frá vanalegum sendum eða gervihnöttum og hægt er að leggja í mun meiri kostnað við loftnetauppsætningu og fá betri móttöku þar sem greiðendur eru fleiri.

Þó þetta sé sú notkun, sem algengust er í Evrópu í dag, þá er þetta bara hluti af þeim möguleikum, sem kapalkerfin hafa. Einföld kapalkerfi, eins og þau sem eru í fjölbýlishúsum hér í borg, geta borið 10—15 sjónvarpsrásir og betur útfærð kerfi geta borið allt að 50 rásir á einum kapli.

Af þessu sést að nóg er plássíð og það má nota á ýmsan hátt. Kassettuböndin og notkun þeirra hér þekkjum við, og ekki verður þess langt að bíða að myndplötuspilarar komi á markað hér. Á þessum tveim tækjum er svipaður munur að sínu leyti og á hljóðkassettum og hljóðplötuspilara. Myndgæðin af plötunni eru betri en það er ekki hægt að taka upp á hana.

Ekki er til þess ætlast hvorki af þeim sem framleiða tækin né þeim sem framleiða efni fyrir þau, að þetta sé notað eins og hér er gert heldur eingöngu til heimilisnota og kennslu.

Í Ameríku, þar sem kapalkerfi eru mörg, og rekstur þeirra eins og um venjulega sjónvarpsstöð væri að ræða, efnið er keypt á svipuðum kjörum og aðrar stöðvar kaupa það eða það er framleitt á staðnum, og síðan sent út á kapal. Kosturinn við að nota kapal í Ameríku er sá að bylgjulengdarvandamálið hverfur þegar sent er út í lokað kerfi og móttaka verður betri. Auk þess er með sérstökum búnaði hægt að loka fyrir sendingar til þeirra sem ekki greiða afnotagjöld og stöðin því ekki eins háð auglýsingum. Þjónustuna má auka með viðbótar-rásum sem flytja fréttagrip, veðurfregnir, tímamerki, verðbréfastöðu og aðrar slíkar upplýsingar, sem hægt er að ganga að hvenær sem er með því einu að skipta um rás. Einnig má senda músik á mörgum rásum fyrir hljóðvarpstækið, ein sjónvarpsrás getur borið 100 stereo-músikrásir í háum gæðaflokki og ef um er að ræða talað mál sem aðeins notar um 6 kílóriða bandbreidd, þá er hægt að koma fyrir 600 slíkum á einni sjónvarpsrás. Mögulegt er einnig með viðbótarbúnaði að senda gegnum slíkt kapalkerfi bæði myndir og lesmál, sem kæmi fram í prentuðu formi hjá notanda, t. d. dagblað. Einnig má tengja kerfið tölvubanka og gera það tvívirkt þannig að notandinn geti kallað fram þær upplýsingar sem hann óskar á skerm-inn hjá sér.

Efni er flutt til kapalkerfa og milli þeirra með örbylgjusendum og um gervihnetti. Með því móti er hægt að tengja fjölda kerfa í eina heild. Því stærra sem kapalkerfi er, því betri og fjölbreyttari þjónustu er hægt að bjóða upp á.

Hér á landi verða slík kerfi aldrei mjög stór, en á móti kemur, að fólk virðist vera tilbúið að greiða mikið fyrir slíka þjónustu.

Tæki til framleiðslu efnis verða stöðugt ódýrari og fyrirferðarminni og gerir það öðrum aðilum en sjónvarpinu kleift að framleiða efni. Fljótlega koma á markað sjónvarpstökuvélar með innbyggðu myndsegulbandstæki, sem gerir efnisöflun mjög auðveld. Spurning er hvort sjónvarpið ætti ekki að nýta þá möguleika sem það hefur á þessu sviði og setja upp kapal-kerfi.

Viðbótarupplýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi.

Þar sem stöðvar eru margar og þéttar er oft erfitt að greina á milli stöðva og finna það sem leitað er að. Nú er talað um að hver sendir sendi jafnframt dagskrá upplýsingar um heiti og staðsetningu sendis, svo og þess efnis sem flutt er hverju sinni. Þetta væri svo hægt að nýta í móttakara á margvíslegan hátt, getur til dæmis komið fram á litlum skermi á tækinu líkt og nú er á vasatölvum eða líka að hægt er að láta tækið sjálft leita uppi ákveðna tegund efnis eða ákveðinn sendi, t. d. næsta fréttatíma óháð tíma eða sendi, tækið myndi þá leita stöðugt á þeim sendum sem til næst þar til kemur að fréttum, þá kviknaði sjálfkrafa á tækinu og fréttirnar byrjuðu. Þetta gildir bæði um hljóðvarp og sjónvarp og allar tegundir efnis.

Með prentaðri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps mætti prenta jafnhliða strikakóða líkt og maður sér á pakkningum erlendra matvæla. Þennan „kóða“ væri síðan hægt að lesa inn í móttakara, myndsegulbandstæki og hljóðsegulbandstæki með ljósgriffli og með því móti velja sér dagskrá vikunnar, annaðhvort til að taka upp eða horfa og hlusta á þegar það fer fram.

Video-texti — Sjónvarpstexti.

Video-texti er sendur út í mörgum löndum nú þegar og þar eins og víðar eru í gangi fleiri en eitt kerfi.

Textinn er sendur út jafnhliða öðru dagskrárefni eða stillimynd og eru notaðar til þess lausar línur í sjónvarpsmerkinu. Til þess að ná textanum út úr sjónvarpsmerkinu aftur og á

skerm móttakarans þarf viðbótarbúnað í móttökutækið. Textanum er skipt upp í svokallaðar blaðsíður sem samsvara einni skermfylli hver og hægt er að velja í milli blaðsíðna.

Notkunin getur verið margvísleg og svo tekið sé dæmi þá nota Svíar sjónvarpstexta á þrjá vegu:

1. Til textunar á sænskum prógrömmum fyrir heyrnardaufa. Í sept. 1981 höfðu verið textuð 250 prógrömm með þessu móti. Hægt er að velja hvort maður hefur textann með eða ekki og fer textun fram á líkan hátt og við þekkjum hér nema hvað notaðir eru litir til að aðgreina persónur og einnig er skýrt frá hljóðum t. d. braki í stiga o. fl.
2. Margs konar upplýsingar á 100 síðum með áherslu á fréttum, veðri og íþróttum.
3. Textaðar útskýringar með beinum útsendingum, aðallega íþróttum, einnig fyrir heyrnardaufa.

Komið hefur í ljós, að þó textinn sé ætlaður heyrnardaufum, eru líka mjög margir heyrandi sem nýta sér hann, t. d. með gömlum filmum með lélegu hljóði eða óperum og óperettum. Einnig hjálpar textinn þeim sem eru að læra málið.

Hi-Fi TV.

Nokkuð hefur verið rætt og skrifað um svokallað Hi-Fi TV eða breytingar á núverandi sjónvarpskerfum til aukinna myndgæða. Líklegt er að sjónvarpsskermurinn stækki í framtíðinni og er talað um 1 m² sem heppilega stærð fyrir heimahús (26"=1/5m²). Einnig er talin þörf á að breyta lögun skermisins og gera breiddina meiri í hlutfalli við hæð, ca. 1,4 × 0,7 m. Stærri skermur kallar á þéttari mynd, sem aftur þýðir fleiri línur. Í núverandi PAL-sjónvarpskerfi sem við notum eru 625 línur, en talið er að fara þurfi upp í 1200 línur. Einnig er talað um að breytinga sé þörf í hljóðhliðinni, stereo, stærri hátalarar og magnarar.

Allt kallar þetta á ný tæki bæði í sendingu og upptöku og líka í móttökunni, og er sennilega nokkuð langt í það.

Stereo-hljóð í sjónvarpi.

Nú þegar er farið að senda út stereo-hljóð með sjónvarpi í Japan og Vestur-Pýskalandi. Þetta gefur, auk betri hljómgæða, möguleika á að hafa t. d. „original-hljóð“ í erlendum myndum á annarri rásinni en innlenda hljóðið á hinni, sem gefur valmöguleika. Fleiri hljóðkanalar eru hugsanlegir (NORDSAT).

Beint sjónvarp frá gervihnöttum.

Til móttöku frá gervihnöttum, sem ætlaðir eru til beinna sendinga, þarf sérstakan útbúnað með disklaga loftneti og móttakara sem breytir hinni háu tíðni sem hnettirnir senda á (12—13 gígarið) í þá tíðni sem venjulegur móttakari getur tekið við. Þessi búnaður er nokkuð dýr og því liggur beint við að samnýta hann með kapalkerfum.

Enn sem komið er er lítið um slíka hnetti í okkar heimshluta og þeir sem komnir eru á loft eru aðeins tilraunahnettir. Frakkar og Þjóðverjar hafa uppi áform um að senda slíka hnetti á loft innan 2—3 ára og hafa þegar hafið undirbúning, sama er að segja um Luxemborg, Ítalíu, Sviss og England, en þeirra áætlanir eru ekki eins vel á veg komnar. Hér á Íslandi er lítil von til að ná slíkum sendingum fyrr en ef enskur hnöttur færi á loft og þá með stórum loftnetum, eða ef NORDSAT yrði að veruleika.

Vinnslutækni.

Eins og ég nefndi fyrr eru tæki til vinnslu á sjónvarpsefni og upptöku á því alltaf að verða fyrirferðarminni og ódýrari, og nú þegar er kominn visir að efnisvinnslu hér á landi utan sjónvarps.

Þróunin virðist vera í þá átt, að upp rísi einkafyrirtæki sem geti framleitt sjónvarpsefni í smáum stíl líkt og nú er með hljómplötuútgáfu.

Digitaltækni í sjónvarpi.

Þess verður ekki langt að bíða, að digitaltækni ryðji sér til rúms í sjónvarpi, ekki í útsendingunni sjálfri heldur í vinnslunni innanhúss og síðan í móttakanum.

Digitaltæknin býður upp á marga möguleika í sjónvarpi, sérstaklega í upptökum á myndsegulband. Myndsegulband, sem tekið er upp á með digitaltækni, er hægt að kópiera nær endalaust án þess að vart verði rýrnandi myndgæða svo dæmi sé nefnt. Með þeirri tækni, sem nú er notuð, er varla hægt að kópiera oftar en 5—6 sinnum.

Digitaltækni í hljóðvarpi.

Nú þegar er farið að taka upp hljóð með digitaltækni í plötuútgáfu, en það eru skiptar skoðanir á því hvort það borgi sig að nota þá tækni í hljóðvarpi þar eð hljódupptökutæknin er nú þegar komin á það stig, að það er frekar sendi- og móttökumhliðin sem takmarkar gæðin.

Fylgiskjal IV.

Markús Á. Einarsson:

Lauslegt yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum.

Vegna starfa útvarpslaganefndar mun ég hér á eftir freista þess að gefa lauslegt yfirlit um stöðu útvarpsmála í nágrannalöndum okkar. Þegar hugað er að breytingum laga héraðs er oft spurt, hvernig lögum á sama sviði sé háttað í nágrannalöndum, og þá einkum annars staðar á Norðurlöndum. Eru slíkar spurningar eðlilegar, því að oft má hafa mikið gagn af reynslu annarra þjóða.

Við störf að endurskoðun útvarpslaga um þessar mundir verður hins vegar að horfast í augu við þá staðreynd, að lítið er að sækja til útlanda í því efni. Stafar það fyrst og fremst af því umróti vegna tækniframfara sem nú á sér stað á sviði útvarpsmála, bæði hljóðvarps- og sjónvarpsmála. Útsendingar hljóðvarps eru orðnar mjög einfaldar og ódýrar og tala má um byltingu á sviði sjónvarps þar sem er þróun myndbandakerfa og dreifing sjónvarpsefnis um kapalkerfi. Loks ryður nú dreifing sjónvarpsefnis um gervihnetti sér rúms.

Sums staðar fer um þessar mundir fram ýmiss konar tilraunastarfsemi varðandi skipan útvarpsmála, einkum í löndum þar sem ríkið hefur hingað til haft einkarétt á útvarpi. Mál eru hins vegar í deiglunni og lög enn með gamla laginu. Endurskoðun útvarpslaga hér á landi hlýtur því fyrst og fremst að byggjast á mati á aðstæðum heima fyrir. Við getum ekki að ráði sótt fyrirmyndir í lög nágrannþjóða. Engu að síður er nauðsynlegt að hafa nokkurt yfirlit um stöðu mála erlendis og er það sem hér fer á eftir tilraun í þá átt. Fyrst verður vikið að Norðurlöndum og þá ítarlegast fjallað um Svíþjóð, þar sem tilraunir um breytta skipan hafa verið í gangi um nokkurra ára skeið. Byggt er á útvarpslögum og reglugerðum Norðurlanda svo og greinargerðum og fréttum sem ég hef haft undir höndum.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð hefur „Sveriges Radio“ einkarétt á útvarpi. Skiptist stofnunin í fjóra hluta, þar sem eru hljóðvarp, sjónvarp, landshluta- eða héraðsútvarp og loks fræðsluútvarp. Skipan mála er svipuð annars staðar á Norðurlöndum. Af atriðum sem eru frábrugðin tilhögun hérlendis má nefna, að hér er hvorki landshluta- né fræðsluútvarp, auglýsingar eru bannaðar hjá sænska útvarpinu og útvarpsráð hefur þar einungis afskipti af dagskrá eftir á.

Í maí 1978 voru í Svíþjóð samþykkt lög um „nárradio“ („lag om försöksverksamhet med nárradio“). Í lögnum var gert ráð fyrir tilraunum með „nárradio“, þ. e. staðbundnar útvarpsendingar, er standa skyldu til 30. júní 1981. Hljóðvarpsendingar voru leyfðar jafnt þráðlausar sem um þráð, en sjónvarpsendingar einungis um þráð eða kapal. Aðilar, sem þess óskuðu, skyldu leita leyfis hjá stjórnvöldum til útvarpsendinga, og reyndist vera um að ræða félög eða samtök hugsjónalegs, stjórnmálalegs eða trúarlegs eðlis eða þá verkalýðsfélög og félög innflytjenda. Hafa m. a. Íslendingafélög í Svíþjóð tekið þátt í „nárradio“.

Af þessu má ráða að þarna er ekki um að ræða útvarpsstöðvar með almennri dagskrá allan daginn, heldur stöðvar, er þjóna ákveðnum hópum, e. t. v. aðeins 1—2 klst. á dag, og eru þar ekki bundnar skilyrðum um hlutleysi eða málefnalega umfjöllun. Auglýsingar eru ekki leyfðar í „nárradio“.

Ég hygg að óhætt sé að fullyrða að hugmyndin með „nárradio“ sé nokkuð fjarri almennum óskum um fjölbreyttari útvarpsrekstur hér á landi og allt annars eðlis en t. d. landshluta- eða héraðsútvarp.

En hvernig hafa nú Svíar tekið þessari tilraun? Ég læt hér flakka með nokkrar tölur teknar úr tímaritinu „Uke omkring NRK“, nr. 35/1981, þar sem segir frá skýrslu eins af framkvæmdastjórum „Sveriges Radio“ um þetta efni. Eru tölurnar miðaðar við 30. nóv. 1980.

Í „nárradio“ tóku þá þátt 341 félag á 15 stöðum í landinu. Um 26% þessara félaga voru trúarlegs eðlis, 19% stjórnmálasamtök, 7% innflytjendur og 4% íþróttafélög. Hvað varðar senditíma reyndust 45% hans notuð fyrir trúarlegt efni.

Óhætt er að fullyrða að Svíar hafa ekki tekið þessu formi útvarps vel. Um 70% hlustenda höfðu alls ekki hlustað á „nárradio“, 14% höfðu hlustað einu sinni í viku, en aðeins 3% 5—7 daga í viku.

Um þessar mundir fara fram umræður í Svíþjóð um framtíð þessa útvarpsforms. Ríkisstjórnin hefur haft í hyggju að leggja fram frumvarp þess efnis að það verði til frambúðar. Mörgum finnst reynslan hins vegar ekki nógu góð og vilja breytt form. Verður fröðlegt að fylgjast með þróun málsins.

Það þarf vart að taka fram að í Svíþjóð, svo sem í mörgum öðrum Evrópulöndum, fer einnig fram umræða um not sjónvarps um gervihnetti. Um þróun sendinga um gervihnetti er fjallað í annarri greinargerð vegna endurskoðunar útvarpslaga og skal ekki farið inn á það svið hér. Ég vil einungis vekja athygli á greinargóðri skýrslu frá „Sveriges Radio“ um þau mál frá febrúar 1982. Nefnist hún: „Mottagning och vidareutsändning via kabel av satellit-distribuerade tv-program“.

Noregur.

Í upphafi 1. greinar norsku útvarpslaganna er kveðið á um einkarétt „Norsk Rikskringkasting“ til útvarps, hvort sem er hljóðvarp, sjónvarp eða landshlutahljóðvarp. Síðar í sömu grein segir, að konungur geti við sérstakar aðstæður („i særlige tilfelle“) gefið öðrum leyfi til takmarkaðrar útvarpsstarfsemi.

Í Noregi hafa um langt skeið farið fram miklar umræður um afnám einkaréttar. Engin breyting hefur verið gerð á útvarpslögnum, en veruleg hreyfing komst þó á málið, er ríkisstjórn Kåre Willoch settist að völdum. Ákvað hún í desember 1981 að notfæra sér

framangreinda heimild til frávika frá einkarétti og veita fleiri aðilum leyfi til útvarpsreksturs til reynslu. Leyfi til hljóðvarpssendinga í stíl við „nárradio“ í Svíþjóð fengu 32 aðilar í Osló, Stavangri, Bergen, Prándheimi og fáeinum smærri stöðum. Stavangur skar sig úr með 15 leyfi og þar langmest á trúarlegum samtökum. Þó má einnig nefna Amnesty International og samtök hreyfihamlaðra. Í Osló má nefna blaðamannaháskólann, í Bergen stúdentasamtök og jassklúbb og í Prándheimi hægri sinnað stúdentafélag og rautt kosningabandalag.

Þrír umsækjendur fengu leyfi til að sjónvarpa um kapalkerfi og loks fengu sex umsækjendur leyfi til að taka við sendingum frá evrópska gervihnöttinum OTS og dreifa til notenda.

Þær stöðvar, sem þannig hafa fengið leyfi til útsendinga um skeið, mega ekki nota auglýsingar sem tekjulind.

Of snemmt er að draga ályktanir af þeirri reynslu sem fengist hefur af þessum útsendingum. Stjórnvöld hafa nú sett á laggirnar tvær nefndir. Á önnur að fjalla um framtíð „nárradio“-sendinga, en hin um kapal-sjónvarp. Enn heyrir hins vegar ekkert um laga-breytingar.

Danmörk.

„Danmarks Radio“ hefur einkarétt á útvarpi í Danmörku og er skipan mála þar því með svipuðu sniði og í Svíþjóð og Noregi. Minna hefur borið þar á tilhneigingum til breytinga en víða annars staðar, ef marka má þau gögn sem ég hef séð. Tilraunir nágrannaþjóðanna hljóta þó að hafa vakið nokkra athygli.

En nú eru tilraunir einnig nýhafnar í Danmörku. Hefur menningarmálaráðherrann veitt 75 aðilum leyfi til útvarpsreksturs og er skiptingin þannig, að 53 hafa óskað eftir að hljóðvarpa, en 22 vilja sjónvarpa. Sé þessi tilraunastarfsemi, sem standa á í þrjú ár, borin saman við það sem við höfum frá Svíþjóð og Noregi veur tvennt einkum athygli. Í Danmörku veitir menningarmálaráðuneytið talsverða styrki til þessara útsendinga, eða samtals 5 milljónir d. kr. Einnig er það skilyrði sett fyrir leyfum, að danska útvarpsráðið veiti hverri stöð viðurkenningu áður en útsendingar hefjast. Meðal stöðva sem leyfi hafa fengið kennir margra grasa eins og í Noregi og Svíþjóð, og má segja að „nárradio“ sé í raun útvarp margbreytilegra félaga, en hver stöð njóti hins vegar lítillar hlustunar.

Finnland.

Í Finnlandi mun skipan útvarpsmála svipa nokkuð til þess sem gerist á öðrum Norðurlöndum með frávikum þó. Ein stofnun „Oy Yleisradio Ab“ mun að mestu hafa á hendi rétt til útvarps þar í landi samkvæmt samningi við stjórnvöld sem endurnýjaður er á nokkurra ára fresti. Þó hefur þessi stofnun rétt til að semja við fyrirtækið „Oy Mainos TV-Reklam Ab“ um samvinnu við gerð dagskrár og auglýsinga í sjónvarpi, en auglýsingar eru aðeins leyfðar í sjónvarpi.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt starfar í Helsinki einkafyrirtækið „Helsinki-TV“, sem sér um útsendingar sjónvarpsefnis um kapalkerfi þar í borg. Þetta fyrirtæki hafði leyfi stjórnvalda til tilrauna með móttöku á bresku sjónvarpsefni um OTS-gervihnöttinn nú í vor. Hins vegar óskaði samgönguráðuneytið finnska eftir því að tilraunir yrðu stöðvaðar, þar eð ekki væri eðlilegt að hafa þær í gangi meðan verið væri að undirbúa lög um kapal-sjónvarp. Hér er enn eitt dæmi um að hreyfing sé á þessum málum, án þess þó að endanleg niðurstaða um frambúðarlausn sé fundin.

Bretland.

Að beiðni útvarpslaganefndar samdi Stefán Jón Hafstein fréttamaður skýrslu: „Um útvarp og sjónvarp á Bretlandi“, nefndarmönnum til fróðleiks. Hér eru ekki tók á að rekja efni þessarar ágætu skýrslu að neinu gagni, og læt ég nægja að fá að birta orðrétta upphafsmálgrein hennar, þar sem Stefán Jón einmitt dregur í fáum orðum saman, hvernig uppbyggingu útvarps á Bretlandi er varið:

„Grundvallaratriði í uppbyggingu sjónvarps og útvarps á Bretlandi er tvíveldi. Annars vegar er British Broadcasting Corporation (BBC), en hins vegar Independent Broadcasting Authority (IBA). BBC er svonefnd opinber sjálfseignarstofnun, IBA er opinbert yfirvald einkastöðva sem gefið er leyfi til að útvarpa og sjónvarpa á ákveðnum svæðum Bretlands. Báðum kerfum er í raun miðstýrt. BBC rekur sínar stöðvar og setur þeim starfsreglur, IBA leigir út dreifikerfi til einkaaðila sem eru háðir leyfum og reglum sem IBA setur. Ráðuneyti skipa æðstu „stjórnendur“ BBC og IBA, sem bæði eru háð lögum og leyfum sem þing setur. Bæði kerfin eru því undir miðstýrðu eftirliti. Þau keppa beint um sjónvarpsáhorfendur: bæði sjónvarpa á landsvísu. Þau keppa óbeinlínis um útvarpshlustendur, BBC útvarpar aðallega á landsvísu, einkastöðvar eru allar staðbundnar. Kerfin keppa ekki beinlínis um fjármagn. BBC er háð ákvörðun yfirvalda um afnotagjöld, IBA stöðvar fá tekjur af auglýsingum.“

Við þessi orð má bæta, að á Bretlandseyjum fer nú fram umræða um kapalvæðingu landsins. Mun ríkisstjórn Margrétar Thatchers hafa á þrjónunum áform um að allar borgir á Bretlandi fái kapla með a. m. k. 30 rásum hver. Þar með fjölga kapalstöðvum og dreifing efnis frá gervihnöttum eykst. Sennilegt er að eftirlit með slíkum stöðvum hljóti að verða mun minna en eftirlit með BBC og IBA stöðvum er nú. Nú munu kapalstöðvar þjóna um 1,5 milljónum heimila á Bretlandi með 4-6 rása köplum, og eru stöðvarnar skyldar að dreifa sjónvarpsefni BBC og IBA. Af þessu sést að einnig á Bretlandi er nokkurra breytinga að vænta.

Frakkland.

Í Frakklandi munu undanfarin ár hafa verið miklar deilur um skipan útvarpsmála og ekki síður um dagskrárefnið. Ríkisstjórn Mitterrands mun frá upphafi hafa ætlað sér að breyta heildarskipan þessara mála.

Útvarpi í Frakklandi hefur í raun verið þannig háttað að „Télé Diffusion de France“ hefur einkarétt á útsendingum, en fjögur fyrirtæki hafa einkarétt á dagskrárgerð. Frávik frá þessu hafa að nokkru verið leyfð eftir 1978, einkum fyrir kapalstöðvar, en lög hafa mjög takmarkað slíkar leyfisveitingar. Þótt ný heildarlöggjöf um útvarp hefði þá ekki enn litið dagsins ljós, var með lögum í nóvember 1981 ákveðið að leyfa einkaaðilum útvarp á FM-bylgjum gegn ákveðnum skilyrðum. Eingöngu var um að ræða hljóðvarpsstöðvar sem næðu yfir 30 km eða minna, og mátti ekki vera um útvarp í gróðaskyni að ræða, enda auglýsingar bannaðar. Ætlunin var að þessi lög féllu síðan inn í nýja heildarlöggjöf. Svo fór að ný lög um hljóðvarp og sjónvarp voru samþykkt í lok júlí 1982. Er þar gert ráð fyrir að losa um tengsl framkvæmdavalds og ríkisfjölmiðla. Verður æðsta vald í útvarpsmálum í höndum 9 manna nefndar. Einnig er gert ráð fyrir veitingu leyfa til landshluta- eða héraðsútvarps. Auglýsingaútvarp er þó enn bannað á vegum einkaaðila.

Öllum mun ljóst að langt mál mætti rita um skipan útvarpsmála í þeim löndum sem þegar hafa verið nefnd, og enn mætti nefna mun fleiri lönd. Hér læt ég þó staðar numið og undirstrika að markmið mitt var það eitt að draga saman og vekja athygli á nokkrum forvitnilegum meginatriðum, hvað varðar stöðu mála í þeim löndum sem hér hafa verið nefnd.

Hafnarfirði, í ágúst 1982.